

SIGNET „terms of use“ v. GDPR og tengdra mála

Persónuverndarstefna SIGNET
Advania Ísland ehf. 28.08.2018

Advania fylgir reglum um persónuvernd og vill með þessari persónuverndarstefnu útskýra hvernig við söfnum gögnum um þína notkun og hvernig þau eru notuð í SIGNET, einnig hvar þú sem notandi getur nálgast þessi gögn og stjórnað aðgangi að þeim þar sem það á við.

1 Hvenær og hvers vegna söfnum við persónuupplýsingum um þig?

Þegar skjöl eru send til undirritunar í Signet er eftirfarandi upplýsingum safnað um undirritendur skjala til að geta veitt þjónustuna með öruggum hætti. Signet fær gögnin beint frá þér sem notanda, og samskipti við aðra notendur í SIGNET. Einnig söfnum við gögnum sjálfvirkt t.d. virkni í einstökum hlutum SIGNET, upplýsingar um IP tölu, vafra og fl.

1.1 Gögn sem koma beint frá notanda

Notendaupplýsingar	Til þess að geta notað SIGNET þarf að stofna aðgang sem inniheldur upplýsingar eins og kennitölu, nafn, netfang. Allar upplýsingar um notendur eru vistaðar í kerfum Signet á dulkóðuðu formi.
Skilaboð og tilkynningar	SIGNET leyfir þér að leita að kennitölum væntanlegra undirritenda skjala og senda skilaboð með viðkomandi skjali sem sent er í undirritun.
Skjöl	Til að geta veitt þjónustuna vistum við skjöl og tengdar upplýsingar sem send eru í Signet til undirritunar. Skjölin ásamt tengdum upplýsingum eru dulrituð með þeim hætti að skjölin eru eingöngu aðgengileg undirritendum og þeim aðila sem sendir skjölin í undirritun. Skjöl eru meðhöndluð í samkvæmt fyrirmælum innsendenda og undirritenda skjala. Innsendendur bera ábyrgð á þeim gögnum sem send eru inn í kerfið, meðan Advania ber ábyrgð að að kerfið virki rétt. Hafi skjölum ekki verið eytt úr Signet, eyðir Signet sjálfkrafa öllum skjölum sem hafa verið 90 daga í kerfinu, sama í hvaða stöðu þau eru.
Greiðslugögn	Ef áskrifandi nýtir greiðsluhluta SIGNET þá er það skráð í SIGNET ásamt stöðu greiðslunnar og hvenær krafa var greidd.

1.2 Gögn sem eru sjálfvirkt unnin og vistuð

Kerfisgögn	Tæknilegar upplýsingar um tölvuna þína eða snjalltæki, ss. IP vistfang, tegund búnaðar, stýrikerfisupplýsingar, vafra gerð, vafra tungumál og önnur kerfisgögn Við söfnum upplýsingum um hvernig þú notar þjónustuna. Mögulega söfnum við upplýsingum eins og IP tölum, tegund vafra, tækis, stýrikerfis sem þú notar eða aðerðir sem þú framkvæmir við notkun þjónustunnar. Við notum þessar upplýsingar til að bæta
------------	---

Þjónustu okkar við þig, þróa nýjar vörur, eiginleika og virkni sem og að tryggja öryggi þitt.

2 Vafrakökur

SIGNET notar öruggar vafrakökur sem eru dulritaðar af SIGNET og því ekki læsilegar öðrum en SIGNET. (Vafrakökur eru litlar skrár sem vefsíða SIGNET sendir á þína tölvu til að auðkenna þig og vista gögn fyrir vafrann á þinni tölvu).

SIGNET notar eftirfarandi vafrakökur:

- Lota (session state) : Vafrakaka sem geymir upplýsingar um núverandi tengilotu þína við SIGNET sem flýttir fyrir vinnslu og gætir öryggis.

Þú getur stillt vafrann þinn til að láta þig vita ef að SIGNET er að setja vafrakökur á þína tölvu, takmarkað virkni þeirra eða lokað á vafrakökur alfarið. Ef þú lokar á vafrakökur alfarið getur verið að hlutar SIGNET virki með öðrum hætti eða að virkni verði takmarkaðri.

3 Til hvers eru gögnin nýtt

SIGNET nýtir sér persónutengdar upplýsingar til að innsendiaðilar geti nýtt SIGNET til að senda þér boð um skjöl sem þarfnast þinnar undirritunar, birta þér sýn á þín gögn, eiga samskipti við þig, greina vandamál, tryggja öryggi, endurbæta SIGNET og uppfylla kröfur sem reglugerðir og/eða lög kveða á um hverju sinni.

4 Hverjir fá aðgang að þínum gögnum í gegnum SIGNET

Við miðlum ekki persónuupplýsingum um notendur SIGNET til þriðja aðila. SIGNET hefur ekki aðgang að þeim skjölum sem eru í kerfinu og getur því með engu móti afhent þau til þriðja aðila.

Ef þú ert að nota SIGNET Team geta aðilar sem eru í sama teymi og þú séð þau skjöl sem þú hleður inn í kerfið.

Aðrir notendur SIGNET geta séð netfang þitt sem skráð er í Signet þegar þeir fletta þér upp til að senda þér skjöl til undirritunar.

Í þeim tilfellum að SIGNET verði hluti af samruna, kaupum, endurlagningu, sölu eigna eða gjaldþroti geta persónuupplýsingar þína flust til annars aðila en Advania.

5 Geymslutími gagna

Eftir að þú hefur auðkennt þig inn í SIGNET eða fengið sent skjal til undirritunar, varðveitir SIGNET á dulrituðu formi upplýsingar um kennitölu, nafn, og í einhverjum tilfellum netfang og símanúmer. Þessum upplýsingum er ekki eytt nema um það sé sérstaklega beðið.

Þau skjöl sem send eru inn í SIGNET lifa þar að hámarki í 90 daga eftir að þau voru send inn.

Kerfisgögn eru ekki persónugreinanleg.

6 Öryggi

Ýtrasta öryggis er gætt við alla hönnun og rekstur SIGNET.

Bæði rekstur og hugbúnaðargerð Signet eru vottuð samkvæmt staðlinum ISO/IEC 27001 um stjórnun upplýsingaöryggis.

SIGNET gætir fyllsta öryggis við öflun og vistun gagna, og gerir viðeigandi ráðstafanir til að verjast því að óviðkomandi aðilar geti nálgast, breytt, miðlað eða eytt gögnum um þig sem SIGNET hefur aflað og vistað. Auðkenning gagnart SIGNET byggir á notkun rafrænna skilríkja, þannig að fullvissa er fyrir því að réttir aðilar séu að auðkenna sig inn í kerfið er eins mikil og hægt er. Skilríki einstaklinga eru gefin út af Auðkenni undir útgáfustöðinni „Fullgilt auðkenni“. Skilríki sem gefin eru út til einstaklinga undir „fullgilt auðkenni“ eru einkvæm og varin með PIN sem handhafi skilríkjanna ber fulla ábyrgð á að varðveita og halda leyndu.

7 Þín réttindi

Þú hefur rétt á því að fá upplýsingar frá okkur um það hvernig persónuupplýsingar þínar eru nýttar af okkur og hvaða upplýsingar við höfum um þig. Þú hefur einnig rétt á því að uppfæra upplýsingar um þig þannig að þær séu réttar, óska eftir leiðréttingum eða að upplýsingum um þig sé eytt, enda sé ekki lengur ástæða til þess að við geymum þær.

Til að sjá hvaða persónuupplýsingar eru vistaðar um þig í SIGNET, smellir þú á nafnið þitt efst til hægri inni í SIGNET. Þar sérðu yfirlit yfir þær persónu upplýsingar sem sem eru vistaðar um þig í SIGNET. Þú getur breytt eða eytt upplýsingum um netfang og símanúmer. Viljir þú láta eyða út reikningi þínum getur þú sent boð um það á netfangið signet@signet.is.

Ef smellt er á Yfirlit skjala í SIGNET getur þú séð yfirlit yfir skjöl sem þú hefur sent í undirritun eða fengið send til að undirrita. Viljir þú láta eyða einhverjum af þessum skjölum úr SIGNET getur þú eytt þeim skjölum sem þú sendir sjálfur inn. Viljir þú láta eyða einhverjum af þeim skjölum sem þú hefur fengið send til undirritunar, skaltu senda boð um það til þess aðila sem sendi þér skjölin til undirritunar.

Vakni upp spurningar eða athugasemdir í tengslum við persónuverndaryfirlýsingu þessa eða vinnslu okkar, eða ef þú vilt kvarta yfir mögulegu broti á persónuverndarlögum skaltu hafa samband við okkur með því að hringja í síma 4409000 eða senda okkur tölvupóst á netfangið signet@signet.is. Við munum leggja allt kapp við að bregðast við svo fljótt sem auðið er.

Þú hefur einnig alltaf rétt á því að beina kvörtun þinni til Persónuverndar í samræmi við lög nr 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

8 Sameiginlegir ábyrgðaraðilar

Í samræmi við 26. grein persónuverndarreglugerðarinnar ESB 2016/679 telst innsendiaðili gagna og Advania vera sameiginlegir ábyrgðaraðilar fyrir vinnslu gagna í Signet.

Innsendiaðili ber fulla ábyrgð á þeim skjölum og tengdum gögnum sem send eru inn í kerfið, enda hefur Advania engan aðgang að þeim. Advania ber á móti fulla ábyrgð á Signet

kerfinu, virkni þess og leynd skjala og gagna meðan gögnin dvelja í kerfum Signet. Innsendiaðili ber einnig ábyrgð á að skjöl séu send réttum aðilum í gegnum kerfið.

9 Mun þessi persónuverndarstefna breytast?

Persónuverndarstefna þessi kann að breytast með tímanum, t.d. vegna breytinga á lögum og reglum eða opinberum kröfum gagnvart okkur og meðhöndlun persónuupplýsinga. Við hvetjum þig því til þess að fylgjast reglulega með uppfærslum, en þær birtum við á vefsíðu okkar www.signet.is.